

REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 978/2011 um gildistöku reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2012 frá 16. júní 2012 öðlast eftirfarandi ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, frá 18. október 2012, bls. 92.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1130/2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum sem samþykkt eru til notkunar í aukefnum í matvælum, ensimum í matvælum, bragðefnum í matvælum og næringarefnum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, frá 27. september 2012, bls. 807.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1131/2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar stevíolglýkósíð. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, frá 27. september 2012, bls. 521.

2. gr.

Eftirfarandi viðbætur verða á efnisákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008:

Þrátt fyrir ákvæði vii, a-liðar, 2. tl., 3. gr. telst ammóniumklóríð til matvælaaukefna. Við eftirfarandi matvælauflokka bætist aukefnið ammóniumklóríð (510) með hámarksgildum og takmörkunum eins og hér segir:

Matvælauflokkur	Hámarksgildi	Takmarkanir/undanþágur
5.2. Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt	80 g/kg	
5.3. Tyggigúmmí	80 g/kg	
14.1.4 Bragðbættar drykkjarvörur	25 g/l	Aðeins í drykkjarblöndur ætlaðar til íblöndunar með áfengi
14.2.6 Brenndir drykkir eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 110/2008	25 g/l	
14.2.8 Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólinnihald undir 15%	25 g/l	

3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Nr. 921

31. október 2012

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, eins og henni er breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011, gilda frá 1. júní 2013. Jafnframt fellur úr gildi þann 1. júní 2013 reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. október 2012.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Eggert Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. október 2012